

# FRAMFARIR Í VÍSINDUM OG FRAMTIÐ MANNKYNNSINS

## I

Við og við má hér í blöðum sjá getið um vísindafélagið breska, þannig, að augljóst er að ekki er um að ræða félag það, sem svo er réttnefnt (Royal Society), heldur vísindaframfarafélagið breska (British Association for the Advancement of Science). Er það félag miklu yngra en hitt og átti hundrað ára afmæli í fyrra, sem minnst var með miklum hátíðahöldum, eins og kunnugt er.

Af ræðum þeim, sem fluttar voru á afmæli þessu og birtar voru í tímaritinu Nature skömmu síðar, þykir mér sérstaklega góð sú, sem próf. Hill hélt um sögu grasafræðinnar síðastliðin 100 ár. Þó þykir mér galli á, að ekki skyldi vera nefndur próf. E. Warming, sem óhætt mun vera að telja meðal fremstu grasafræðinga og grasafræðikennara tímabilsins; hefir þar farið sem oftar, að smáþjóðamennirnir eru hafðir útundan. Yfirlit það, sem próf. Gregory gefur yfir sögu jarðfræðinnar á sama tímabili, er ekki eins gott. Þó tekur próf. Gregory fróðlega fram, hvílíkan ofmetnað og lítilsvirðingu rosknir og viðurkenndir vísindamenn sýndu gagnvart einmitt þeim nýju hugsunum og athugunum, sem þýðingarmestar voru og best miðuðu til að koma jarðfræðinni á framfarabraut. En próf. Gregory minntist ekki einu orði á þá grein jarðfræðinnar, sem þó einmitt átti 100 ára afmæli um líkt leyti og félagið, og svo afarþýðingarmikil hefur verið fyrir skilning voru bæði á landslagi, og á sögu mannkynsins. Ísalfafræðin (glacial geology) er það sem ég á við; en án hennar hefði verið með öllu ómögulegt að átta sig á hinni eldri sögu mannkynsins. Ég hygg að það muni einhverntíma þykja í frásögur færandi, að jafnmerkum jarðfræðingi og próf. Gregory er, skyldi gersamlega gleymast, að

geta í hátíðarræðu sinni um einmitt þessa grein jarðfræðinnar. Og ég hygg yfirleitt, að framtíðin muni helst geta afmælishátiðar þessarar til að minna á, hvað þar var ekki nefnt á nafn. Hinn mikli efnafraeðingur og heimspekingur W. Ostwald, sem láttinn er fyrir ekki löngu, leggur mikla áherslu á það í grein, sem hann skrifaði skömmu fyrir dauða sinn, hve mikil þörf sé á, að rísi önnur eins framfaraalda í líffræði, og orðið hefir í eðlisfræði og efnafraeði. En þó að enginn grunur kæmi fram um það á aldarafmæli vísindaframfarafélagsins breska, þá er alda þessi þó þegar farin að rísa. Því að uppgötvunin á eðli draumlífsins og sambandinu við lífið á stjörnunum er einmitt sú byrjun, sem margir hafa fundið, að svo mikil þörf er á, og að vísu upphaf þeirrar framfaraaldar í vísindum, að aldrei hefir verið önnur eins.

## II

Sambands við lífið á stjörnunum var þó minnst þarna á afmælinu. Sá sem það gerði var hinn frægi dr. Barnes, biskup í Birmingham, í umræðu þeirri, sem háð var um framþróun alheimsins (*The Evolution of the Universe*). Er næsta fróðlegt að virða fyrir sér orð hans. „Eins og ég hefi þegar vikið á“ — segir dr. Barnes — „er ég ekki í neinum vafa um það, að margar jarðstjörnur aðrar (en vor jörð), eru byggðar, og að á sumum þeirra eru verur, sem eru ómælanlega miklu lengra komnar í andlegum efnum en vér. Það væri flasfengni af oss að neita því að verur þessar kunni tök á geislum, sem nægilega öflugir eru til að koma boðskap til jarðarinnar. Sennilega eru slíkar orðsendingar nú þegar að koma. Og þegar mönnum fer að takast að skilja þær, þá hefst nýtt tímabil í sögu mannkynsins. Í upphafi þessa tímabils mun vafalaust verða heimsstyrjöld vegna ósamkomulags þeirra, sem fagna þessari nýju þekkingu og hinna, sem telja, að hún muni leiða til háskalegra byltinga. En þeir, sem lifa af styrjöldina, munu, þegar þeim hefir tekist að komast fram úr fjárhagsvandræðum þeim, sem friðarsamningarnir stofna þeim í, taka til að stunda sambandið við stjörnurnar af hinu mesta kappi. Mér þætti gaman að vera

á lífi þá. Það gæti svo farið, að vér öðluðumst það, sem í sannleika væri skilningur á framþróun alheimsins“ (Sbr. s. 213).

### III

Pannig farast hinum fræga biskupi orð. Og rétt hefir hann fyrir sér, þar sem hann talar um heimsstyrjöld í sambandi við hina miklu uppgötvun. En þó er sú styrjöld þegar um garð gengin, því að það var ófriðurinn mikli 1914-18. Og einnig er sambandinu við hina miklu uppgötvun talsvert öðruvísí háttáð en biskupinn heldur. Skal hér nú reynt að skýra það mál nokkuð. Voríð 1914 hafði mér, eftir langa viðleitni, tekist að átta mig á því, að lífið hér á jörðu stendur í sambandi við lífverur á stjörnunum, eða verður fyrir áhrifum þaðan. Og þó að allt þetta væri aðeins á byrjunartigi, þóttist ég sjá fram á nauðsyn þess, að sem fyrst yrði farið að sinna máli þessu. Að vísu duldist mér engan veginn, að erfitt mundi verða aðgerða, en einhverja viðleitni vildi ég þó hafa, og samdi því ritgerð alllanga — svo sem svara myndi fjórum örökum í Nýal — og sendi félagi manna, sem ástæða var til að hafa mikið álit á sakir þekkingar þeirra. Tók ég fram, að þetta væru aðeins frumdrættir, og alls ekki til prentunar ætlað; en alveg afdráttarlaust sagði ég, að svo áríðandi væri mál þetta, að væri því ekki sinnt, mætti búast við hinum verstu tíðindum, og að vísu verri en orðið hefðu í sögu mannkynsins áður. Ritgerðinni var, eins og vita mátti, ekkert sinnt; en varla þarf ég að minna á, að spá míni rættist fljótt. Aðstreymi kraftar til jarðarinnar fór um þessar mundir vaxandi mjög, en þar eð uppgötvun sú, sem um ræðir, var ekki þegin, lagðist krafturinn í ranga farvegi, og athafnir mannanna fóru ennþá meir í bág við tilgang lífsins en áður hafði verið. Það er á þennan hátt, sem heimsstyrjöldin stendur í sambandi við uppgötvun lífsins á stjörnunum. Verð ég að fara hér fljótt yfir sögu, og mun flestum ótrúlegt þykja, að satt sé sagt, meðan ekki er fengin þekking á magnaninni fyrir samband við lífverur á stjörnunum og þeim lög-málum sem sú magnan hagar sér eftir.

## IV

Það er heldur ekki efamál, að hinn lærði biskup hefir rétt fyrir sér, þar sem hann segir að nýtt tímabil muni hefjast í sögu mannkynsins, þegar menn átta sig á sambandinu við stjörnurnar. Má þar jafnvel enn ríkar að orði kveða. Saga mannkyns skiptist í two aðalkafla, tímabilið áður en sambandið við stjörnurnar er uppgötvað, og svo það sem á eftir fer. En ef einhverju mannkyni tekst ekki að átta sig á því sambandi, þá kemst það aldrei á sanna framfaraleið, og líður undir lok eftir miklar hörmungar. Er nú ýmsum farið að verða það ljóst, að mannkyn vorrar jarðar er svo á vegi statt, að mjög alvarlega verður um að breyta, ef ekki á mjög illa að fara.

Eins og áður er á vikið, hyggur dr. Barnes, að heimsstyrjöld muni verða, eftir að nokkur hluti mannkynsins hefir áttað sig á sambandinu við stjörnurnar og er farinn að iðka það. En þar skjálast honum mikið. Úr því að menn á annað borð verða farnir að veita þessari aldaskiptauppgötvun eftirkort og taka þar undir á þann hátt sem rétt er, mun þekkingin á sambandinu óðfluga breiðast út um alla jörð. Og þegar svo er komið, verður engin styrjöld framar. Voröld verður þá. Til góðs fer þá að gróa á jörðu vorri, mjög langt framyfir það sem nokkurntíma hefir orðið áður. Mun þá mannkynið hverfa af Helvegi og taka hina réttu stefnu til sífellt vaxandi fullkomnunar. Og öðruvísi mundi haga til hér á Íslandi nú, hefði máli mínu verið rétt tekið, og komin væri upp hin fyrsta stöð til sambands við lífið á stjörnunum. Sbr. Ennýal s. 188, kaflann „Íslendingar sem forgönguþjóð“.

## V

Menn hafa, bæði fyrr og síðar, haft mikla trú á því að biðja til guðs og guða. Margir halda nú á tímum, að slíkt hafi verið hjátrú ein, en ekki er það rétt. Skilningurinn á eðli bænarinnar, virðist þó áður fyrr, oftast ekki hafa verið meiri en það að menn héldu, að þótt alvitur guð hefði nú hugsað sér að hafa það svona með Jón, þá mundi hann breyta um fyrirætlun, ef Jón bæði hann nógu vel. En þýðing bænar-

innar er m. a. í því fólgin, að sá sem biður, greiðir fyrir sambandi sínu við góðar verur þannig að þeim verður auðveldara að hjálpa honum. Bænin er því líklegri til sigurs, því fleiri sem biðja samhuga og því réttari hugmyndir sem menn hafa um verur þær sem hjálparvon er af. Er þetta sagt til að greiða fyrir skilningi á þýðingu stjörnusambandsstöðvar slíkrar, sem hér ræðir um. Mundi slík stöð verða til þess, að menn fengju mjög miklu fullkomnara og betra samband við æðri verur en nokkurntíma hefir átt sér stað áður hér á jörðu. Og af þessu mundi leiða, að hinum skapandi krafti yrði hér betur við komið en áður. Mundi þá það sem kallað hefir verið kraftaverk, verða hér daglegir viðburðir. Og þegar slík hreyfing væri komin á um alla jörð, sem hér á landi hefði vakin verið, þá mundi á skömmum tíma verða gerbreyting á högum mannkynsins. Slysum, veikindum og fátækt mundi þá lokið verða, og öflun viðurværis yrði svo auðveld, að mestum hluta þeirrar orku, sem mannkynið ætti yfir að ráða, mætti verja mjög á aðra leið en nú er gert, og með þeim árangri, að mennirnir yrðu bæði að visku og afli, góðleik og segurð, miklu fremri en nú er.

Og ef fyrsta stöðin til sambands við stjörnurnar rís ekki áður á löngu líður, upp hér inni á Öskjuhlíð — eða hvar sem það nú yrði — þá er það af því, að hin íslenska þjóð fæst ekki eins fljótt og þyrfti, til að skilja það sérstaka hlutverk, sem henni er ætlað í sögu mannkynsins.

20. nóvember 1932.